

Kjaraviðræður við ríki og sveitarfélög

Stytting vinnuvikunnar flóknasta viðfangsefnið

Flóknar og margþættar viðræður um styttingu vinnuvikunnar eru helsta ástæðan fyrir að samningaviðræður Starfsgreinasambandsins (SGS) við íslenska ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gengið treglega. Viðræður við sveitarfélögin hafa gengið sérstaklega hægt. Nokkuð þokaðist í samkomulagsátt á fundi í síðustu viku áður en nýtt bakslag kom í lok vikunnar.

Samningar SGS við bæði ríki og sveitarfélög hafa verið lausir frá 31. mars síðastliðnum og viðræður staðið yfir síðan í vor, með hléum vegna sumarfría. Viðræðurnar við sveitarfélögin eru komnar til ríkissáttasemjara en viðræðurnar við ríkið eru enn á forræði samningsaðila.

„Helsta ástæðan fyrir að viðræðurnar hafa dregist er að það næst illa saman um kröfugerðina sem liggur fyrir. Þar er meðal annars verið að ræða um styttingu vinnutíma sem er mjög flókin og umfangsmikil breyting í því vaktumhverfi sem gildir hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga.

Um leið eru sveitarfélögin, ríkið og svo Reykjavíkurborg, sem ekki tilheyrir samninganefnd sveitarfélaganna, líka að ræða við BSRB og BHM. Allir þessir aðilar taka þátt í viðræðum um styttingu vinnuvikunnar. Þetta tengist allt saman og það flækir málið enn frekar að verið sé að ræða við marga aðila á svipuðum nótum. Það sést ekki enn móta fyrir niðurstöðu í þessum málum,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs starfsgreinafélags, sem situr í viðræðunefnd SGS við sveitarfélögin.

Hreyfing í rétta átt í síðustu viku

Fundað var með ríkinu á mánudaginn í síðustu viku og sveitarfélögunum daginn eftir. Hjördís segir að heldur hafi þokast í samkomulagsátt á fundinum með sveitarfélögunum. „Það standa þó enn út af borðinu málefni sem eftir er að ná saman



Hjördís Þóra með Birni Snæbjörnssyni og Flosa Eiríkssyni frá Starfsgreinasambandinu á samningafundi. Mynd: Ernir Eyjólfsson

um.“ Búið var að boða nýja fundi í byrjun þessarar viku en tíðindi frá þeim lágu ekki fyrir er fréttabréfið fór í prentun.

Hins vegar boðuðu nokkur sveitarfélög umtalsverðar hækkunar á gjaldskrárm sítum eftir fundinn. Þannig hefur Kópavogur boðað 30% hækkun á leiguverði félagslegra íbúða og áður hafði verið boðuð 14% hækkun á sorphirðu og eyðingu á Hornafirði. Þá samþykkti bæjarstjórn Grindavíkur 18-36% hækkun á þóknun kjörinna fulltrúa í síðustu viku. Samþykktin var dregin til baka daginn eftir í ljósi kjaraviðræðnanna, en skaðinn virðist skeður. SGS fordæmdi hækkarnar í ályktun og benti á að þær væru í hróplegu ósamræmi við markmið lífskjarasamninganna frá í vor um að halda aftur af gjaldskrárhækkun. „Þessar hækkunar ekki til þess fallnar að liðka fyrir samningum. Þetta er eins og blaut tuska í andlit launafólks,“ segir Hjördís.

Fleiri málefni eru óleyst í viðræðunum. Hjá sveitarfélögunum er verið að ræða málefni tímavinnufólks og segir Hjördís

það vera að gefnu tilefni því ýmis mál hafi komið upp varðandi þá starfsmenn síðustu misseri. Eitt slíkt liggur fyrir félagsdómi og er beðið úrlausnar þess.

Skærur við sveitarfélögin

Þótt hægt hafi gengið segir Hjördís að viðræðurnar við ríkið hafi verið á vinsamlegum nótum. Það sama sé ekki hægt að segja um viðræðurnar við sveitarfélögin. „Okkur hérna megin við borðið hefur fundist sveitarfélögin verið frekar erfið. Þar hafa komið upp ýmis mál sem ekki hafa auðveldað úrlausn samninganna.“

Ríkið samþykkti í sumar að greiða starfsmönnum innágreiðslu vegna tafa á nýjum samningum. Sveitarfélögin samþykktu það ekki strax, að sögn Hjördísar vegna óánægju með að SGS var þá búið að vísa viðræðunum til sáttasemjara. „Við áttum mjög erfitt með að sætta okkur við það.“

Innágreiðslan var greidd tveimur mánuðum síðar, eftir að SGS dró vísun sína til ríkissáttasemjara til baka. Skömmu seinna vísaði

samninganefnd sveitarfélaganna hins vegar málinu til ríkissáttasemjara, meðal annars vegna óánægju með ályktun þings SGS um kvennafrídaginn. Í henni var vikið að stöðu ófaglærða verkakvænna sem þess hóps sem mest hallaði á í samfélaginu. Hagsmunir þeirra eru meðal annars undir í viðræðunum við ríkið og sveitarfélögin og sagði í ályktuninni að þeim væri sýnd takmarkalaus lítilsvirðing í viðræðunum.

Þá bætti það ekki samskiptin þegar myndband birtist af kynningu formanns samninganefndar sveitarfélaganna um kröfugerð SGS þar sem gert var grín að starfsmönnum sveitarfélaganna.

Hjördís vonast þó til að málin séu á leið í rétta átt eftir fundina í síðustu viku. „Við höfum verið undir það búin að fara í aðgerðir til að þrýsta á um samninga. Til þess þurfum við fyrst að lýsa yfir árangurslausum fundi og þar sem málin þokuðust heldur í síðustu viku er ekki alveg komið að þeim tímavarki að lýsa yfir árangurslausum fundi.“

Sjómenn funduðu í Neskaupstað

Um tuttugu fulltrúar frá sjómannafélögum vítt og breitt um landið hittust á formannafundi Sjómannasambands Íslands sem haldinn var í Safnahúsinu í Neskaupstað í byrjun nóvember.

„Mér skilst að fundurinn hafi gengið vel og það var gaman að fá þennan hóp á svæðið,“ segir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs starfsgreinafélags.

Kjarasamningar sjómanna runnu út um síðustu mánaðamót og voru komandi kjaraviðræður í brennidepli á fundinum. Samningurinn sem nú rann út var undirritaður um miðjan febrúar árið 2017 að loknu 10 vikna verkfalli sjómanna, því lengsta sem þeir hafa farið í.

„Í þeim samningi voru ýmsar bókanir um málefni sem ræða átti á samningstímanum, til dæmis veikindarétt sjómanna í skiptikerfi og heildarendurskoðun á texta kjarasamningsins, sem kominn er nokkuð til ára sinna eins og margir kjarasamningar. Það átti að sameina kafla og fleira slíkt. Það hefur gengið misjafnlega,“ segir Hjördís Þóra.

Af öðrum kjaraviðræðum sem fulltrúar AFLs koma að um þessar mundir er það að fréttu að búið er að kjósa stóra samninganefnd



Frá formannafundi Sjómannasambands Íslands í Neskaupstað

til að ræða samning AFLs og Rafiðnaðarsambands Íslands við Alcoa Fjarðaál. Sá samningur rennur út í lok febrúar og er undirbúningur viðræðna hafinn.

Þá eru viðræður Starfsgreina-sambandsins við Landsvirkjun langt komnar en sambandið fer með samningsumboð félaga í AFLi.

Að lokum má nefna að nýr samningur félagsmanna AFLs sem starfa í fiskimjölsverksmiðjum var samþykktur með 86% greiddra atkvæða í lok febrúar. Samningurinn gildir fram til maí 2025. Samið var um launatöflur til 2022 en tvö síðustu árin taka launatöflur í fiskimjöli mið af launahækkunum í

fiskvinnslu. Launatafla vegna starfa í fiskimjölsverksmiðjum var einfölduð og fækkaði launaþrepum úr fimmtán í níu. Þá var og samþykkt bókun um nýtt launakerfi en samkvæmt henni munu aðilar taka upp viðræður um launakerfi er byggir á hæfni og hlutverki.

Í framhaldi af stéttaprófinu!

Talsverð umræða hefur skapast í kjölfar útgáfu tímarits AFLs þar sem fjallað var um stéttskiptingu á Íslandi í nútíð og fortíð. Fjöldmargir hafa stigið fram og telja þetta galna umræðu, að á Íslandi sé engin stéttskipting og þetta sé umfjöllun sem sé til þess eins að skapa sundurlyndi og deilur. Flestir á þessari skoðun tilheyra efri lögum samfélagsins og vita ekki hvað skortur er.

Þessi sýn á samfélagið var reyndar barin inn í mann í æsku og áttu Íslendingar að vera sérlega stoltir af stéttlausu samfélaginu sínu. Það er auðvitað mjög hentugt fyrir þá sem hafa tögl og hagldir í samfélagi að telja öllum öðrum trú um að það séu allir séu jafnir. Það minnkar mjög óánægju og sundrunu.

Þá hafa menn agnúast út í stéttaprófið og ýmsar spurningar þar hafa komið af stað umræðu. Í því sambandi má benda á að stéttaprófið er engin algild vísindi – jafnvel þó svo að flestar spurningarnar þar byggji á vel út þældum tölulegum gögnum. Prófinu var ekki ætlað að skipa fólk í hópa – heldur fanga athygli fólks

og vekja það til umhugsunar á eigin stöðu.

Fólk sem býr í leiguhúsnæði, á í fjárhagserfiðleikum, er með lágar tekjur, hefur neitað börnum sínum um æfingagjöld til íþróttar og glímur við lífsstíllssjúkdóma er ekki í millistétt. Það getur vel verið að ýmsir sem hafa lent í þessari stöðu eða eru í henni núna nái að vinna sig upp og komast í betri stöðu – en ofangreint er lýsing á fátækt. Millistéttarfolk er ekki fátækt.

Mörg þekkjum við fólk í yfirstétt og oft getur það verið prýðisfolk og skemmtilegt. En við eigum enga sameiginlega hagsmunir með því fólk. Hagsmunir yfirstéttar eru nefnilega ekki þeir að bæta lífskjör fátæks fólks eða yfirleitt að bæta lífskjör neins. Hagsmunir yfirstéttar eru að hagnast enn meir og með hvaða aðferðum sem er – eins og dæmin sanna.

Yfirstéttin ræður yfir fólk með mikla persónutöfra og fjármunum til að beita fyrir sig fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og gerir það óspart. Með þessum tækjum fær yfirstéttin fátækt fólk aftur og aftur

til að berjast fyrir sig og gegn eigin hagsmunum.

Andvaraleysi almennings er með ólíkindum og það sjálfstæði og lýðræði sem þjóðir heimsins börðust fyrir er í hættu. Það má leiða sterk rök fyrir því að þegar mannkynssagan verður rituð árið 3000 – ef mannkynið verður yfirleitt til þá – verði kafla um „lýðræðistilraunina 1850 – 2050“ þegar fólk var treyst til að kjósa fulltrúa sína til stjórnar í samfélaginu.

Grafskrift tilraunarinnar verður væntanlega að hún hafi brugðist vegna stórkostlegrar græðgi þeirra sem náðu völdum og fullkomnu andvaraleysi almennings. Þannig hafi auðmenn og ólígarkar náð völdum yfir öllum stofnunum samfélagsins og rekið það eins og hvert annað fyrirtæki.

Þannig hafi arður samfélagsins verið hámarkaður og greiddur út til eigenda þess – en þegnunum séð fyrir afþreyingarefni og andlegum og líkamlegum fíkniefnum.

Í Róm til forna – hét þetta „brauð og leikar“ og þá héldu keisarar völdum með því að kaupa



sér vinsældir. Héldu glæsilega skylmingaleiki þar sem menn börðust til dauða – mannfjöldanum til ánægju – og svo var gjafabrauði útbytt á torgum.

Alþýðufólk á Íslandi sem og annars staðar nær aldrei árangri í baráttu fyrir jafnari lífsgæðum fyrr en fólk lærir að standa með sjálfu sér og þeim sem við eigum samleið með.

1.800 félagsmenn fengu 52 milljónir

Félagsmenn AFLs hafa aðgang að sjö starfsmennasjóðum sem styrkja félagsmenn til margvíslegrar endurmenntunar og fræðslu. Á síðustu tólf mánuðum fengu tæplega tvö þúsund félagsmenn samtals rúmar 50 milljónir í þrjú þúsund styrkafgreiðslum. Meðalstyrkur á

hvern félagsmann er um kr. 60.000.



Langstærsti menntasjóðurinn sem AFL á aðild að er Landsmennt -menntasjóður almennra starfsmanna á almenna markaðnum utan höfuðborgarsvæðis. Styrkir Landsmenntar síðustu 12 mánuði nema um 30 milljónum króna og

dreifast á 560 félagsmenn. Næstur hvað varðar fjölda er Sveitamennt með tæpa 200 styrki samtals að upphæð um 8 milljónir króna.

Nánast allir styrkir menntasjóða fara til námskeiða sem flokka má sem starfstengd, annað hvort í núverandi starfi félagsmanns, eða hann vinnur að því að auka menntun sína og færni. Þannig eru

tómstundastyrkir aðeins um tuttugu talsins og að upphæð um 500.000, eða 1% af heildarstyrkjum.

Stærsta styrkflokkur þvert á alla sjóði er styrkur vegna háskólanáms, eða um 20% allra styrkja og 25% heildarstyrkuppþæðarinnar. Þannig fá yfir 200 einstaklingar styrk til háskólanáms, samtals yfir 13 milljónir króna.



Sjúkrasjóður AFLs greiddi 170 milljónir á síðustu 12 mánuðum

Síðustu 12 mánuði hefur Sjúkrasjóður AFLs greitt út yfir 1.800 styrki – stóra og smáa – alls að upphæð 37,2 milljónir króna. Að auki hefur sjóðurinn greitt út um

130 milljónir í sjúkradagpeninga.

Sjúkrasjóður AFLs er vel settur og hefur síðustu ár bætt í réttindi félagsmanna. Sjóðurinn greiðir nú eitt hæsta hlutfall af


meðallaunum sjóðsfélaga – eða 85% af meðallaunum síðustu 6 mánaða. Frá þeirri upphæð eru dregin frá sjúkradagpeningar frá Sjúkratryggingum Íslands – um 53

þúsund krónur. Sjóðurinn er þó með hámark og geta sjúkradagpeningar ekki orðið hærra en 933 þúsund krónur á mánuði (upphæð breytist með launavísitölu tvisvar á ári).

Réttur félagsmanna til sjúkradagpeninga er allt að 120 dagar fyrir félagsmenn á almenna markaðinum, 60 dagar fyrir starfsmenn sveitarfélaga og 90 dagar fyrir starfsmenn ríkisstofnana – enda er veikindaréttur lengri hjá þessum félagsmönnum og framlag launagreiðanda til sjúkrasjóðs lægra.

Í sérstökum tilfellum er unnt að sækja um framlengingu á greiðslum í 1-2 mánuði en það er aðeins gert í sérstökum tilfellum. Starfsfólk AFLs reynir að beina þeim sem glíma við langvinn veikindi til ráðgjafa Virk og aðstoða við að sækja um endurhæfingarlífeyri eða tímabundna örorku þar sem það á við.

Greiðslur úr sjúkrasjóðum verkalyðsfélaganna eru mikilvægar til að fjölskyldur haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu við veikindi eða slys – en sjúkrasjóðirnir eru ekki óalgengt að fjárhagur launafólks hryndi algerlega við alvarleg veikindi.




Fimm milljónir til gleraugnakaupa

214 félagsmenn fengu á síðasta ári 4,6 milljónir í gleraugnastyрки. Það er að meðaltali 22.000 á hverja umsókn. Því miður er það þannig að gleraugnastyрки eru sú styrktegund sem einna mest er reynt að sækja um með ófullnægjandi eða jafnvel röngum upplýsingum. Reglur sjóðsins eru þannig að styrkur getur verið allt að 50% af andvirði sjónglerjanna – en þar sem umgjörðir eru smekksatriði og jafnvel tiskuvarningur – eru kaup á umgjörðum ekki styrkt.

Þetta hefur valdið því að nokkrir félagsmenn hafa komið með ófullnægjandi kvittanir eða kvittanir þar sem verið á glerjum og umgjörðum eru handskrifuð og umgjörðir „mjög ódýrar“. Í þeim tilvikum hefur starfsfólk félagsins venjulega samband beint við verslunina og með því að fá að tala við bókhald verslunar er unnt að staðreyna hvert rétt verið glerja var og rétt verið umgjörð.

Framvísi félagsmenn röngum upplýsingum vegna umsóknar – er umsókn synjað.



Sjóðurinn styrkir kaup á sjónglerjum en ekki umgjörðum

Sex milljónir til heilsuræktar

Síðustu 12 mánuði fengu 760 félagsmenn AFLs alls 6 milljónir til heilsueflingar. Félagsmenn AFLs nýta heilsueflingarstyrk til margvíslegra hluta. Flestir greiða fyrir árskort í ræktina, aðrir í sundlaugar eða hvort tveggja. Þá er hægt að framvísa kvittunum fyrir æfingagjöldum, t.d. í golfklúbba eða önnur íþróttafélög.

Rétt til styrks hafa þeir félagsmenn sem hafa skilað iðgjaldi síðustu 12 mánuði og full réttindi fást ef

iðgjaldið nemur lágmarksíðgjaldi félagsins eins og það er ákvarðað af aðalfundi ár hvert (10.000 nú). Ef félagsmaður er greiðandi félagsgjalds en iðgjald nær ekki lágmarksíðgjaldi er styrkur greiddur hlutfallslega.

Framvísa þarf reikningi frá líkamsræktarstöð eða rekstraraðila að þeirri heilsurækt sem viðkomandi stundar og það þarf að vera löglegur reikningur og viðkomandi útgefandi þarf að vera skráður hjá RSK með rekstur.



Meðal annars er hægt að framvísa kvittunum fyrir æfingagjöldum hjá golfklúbbum.

Pokkaleg afkoma AFLs

Vinna er hafin við ársreikninga félagsins fyrir yfirstandandi ár. Bráðabirgðauppgjör fyrstu 9 mánaða ársins gefur vísbendingu um að afkoma félagsins verði viðunandi og í takt við væntingar.

Félagssjóður stefnir í hóflegan afgang en félagið hefur verið rekið með afgangi öll ár frá stofnun að undanskildu hrúnárinu 2008. Afgangurinn hefur þó verið hóflegur frá því að framkvæmdum við Kárahnjúka og á Reyðarfirði lauk enda kappkostar stjórn félagsins að veita þjónustu og efla starf félagsins frekar en að safna á sjóði.

Orlofsjóður hefur staðið í miklum framkvæmdum og á orðið lítið í sjóðum en engu að síður hefur tekist að reka sjóðinn réttum megin við núllið og stefnir í að svo verði einnig þetta árið.

Niðurgreiðsla sjóðsins með rekstri orlofsíbúða er um 10 milljónir króna á ári – en mun meiri kostnaður er

af rekstri orlofshúsa – eða um 40 milljónir króna árlega. Niðurgreiðsla annarra orlofskosta er um 10 milljónir króna árlega. Iðgjaldatekjur orlofsjóðs á fyrstu 9 mánuðum ársins eru um 70 milljónir króna.

Sjúkrasjóður var rekinn nánast á núlli árið 2018 en stefnir í að vera réttum megin við núllið í ár. Fyrir rösku ári var nýjum styrkjaflokk bætt við er farið var að styðja fólk til sálfræðimeðferðar og þá hafa ýmsir styrkir verið hækkaðir talsvert á liðnum árum.

Þá hóf félagið líka að skila lífeyrissjóðsgreiðslum af sjúkradagpeningum – en það er 11,5% hækkun sjúkradagpeninga. AFL greiðir 85% af meðaltekjum síðustu mánaða í sjúkradagpeninga (að teknu tilliti til sjúkradagpeninga Sjúkratrygginga Íslands) en þó að hámarki 933 þúsund krónur á mánuði.

Hjólástólaaðgengi í orlofshús

Vinna er hafin við endurnýjun þriggja orlofshúsa félagsins á Einarstöðum á Völlum og er stuðst við sömu teikningu og við endurnýjun húsa í fyrra. Húsin verða lengd fram á pallinn, skipt um innréttingar og skipulagi breytt.

Að þessu sinni verður einu húsanna breytt aðeins meira og meðal annars verður baðherbergi þar stærra, flutt í norðvesturenda hússins og miðað við reglugerð um aðgengi hjólástóla að baðherberginu. Þá verður skipulagi svefnherbergja breytt þannig að unnt verði að athafna sig í hjólástól þar og byggð skábraut af bílastæði og upp á pall hússins þannig að félagsmenn í hjólástólum verði alfarið sjálfbjarga við komu í húsið.

Þá verða gerðar ráðstafanir í kringum heita pottinn þannig að auðveldara verði fyrir fatlaða að komast í pottinn.

Reiknað er með að endurbyggingu húsanna þriggja (nr. 10, 11 og 12) verði lokið fyrir vorið. Þegar þeim er lokið hafa alls 9 hús félagsins verið endurnýjuð. Félagið átti 19 hús á Einarstöðum en seldi nýverið þrjú þeirra til Einingar-Iðju á Akureyri þannig að eftir að þessum framkvæmdum lýkur verða aðeins 5 hús eftir í upprunalegri mynd.

Öll önnur félög sem eiga hús á Einarstöðum hafa einnig verið að endurnýja þau. Þá hafa öll hús verið tekin í gegn að utan og gaflar klæddir með stáli sem og hliðar þar sem þörf hefur verið á. Næst á dagskrá verður að skipta um þak á öllum húsum í byggðinni og þegar því verkefni verður lokið má segja að byggðin öll sé endurnýjuð.



Frá framkvæmdum á Einarstöðum síðasta vetur.